

LITLI TÓNSPROTINN

# Jólatónleikar

16. OG 17. DESEMBER 2011



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



.....  
Tónleikarnir eru um klukkustund að lengd.

Brasskvintett SK leikur í anddyri fyrir tónleika en hópurinn samanstendur af stúlkum úr Skólahljómsveit Kópavogs.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 á annan dag jóla.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

## JÓLATÓNLEIKAR



---

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 16. DESEMBER KL. 17.00

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 17. DESEMBER KL. 14.00 OG 17.00

---

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Sólveig Steinþórsdóttir** einleikari

**Sölvi Kolbeinsson** einleikari

**Kristjana Stefánsdóttir** einsöngvari

**Nemendur framhaldsdeildar Listdansskóla Íslands**

**Skólakór Kársness**

**Þórunn Björnsdóttir** kórstjóri

**Trúðurinn Barbara** kynnir

---

*Leroy Anderson*

*Jólaforleikur*

*Darius Milhaud*

*Brazileira, úr Scaramouche*

*Emmy Köhler*

*Við kveikjum einu kerti á*

*Camille Saint-Saëns*

*Introduction & Rondo Capriccioso*

*Pjotr Tsjajkovskij*

*Þættir úr Hnotubrjótnum:*

*Arabískur dans*

*Spænskur dans*

*Blómavalsinn*

*Jórunn Viðar*

*Jól*

*Friðrik Bjarnason*

*Jólasveinar ganga um gólf*

*F.X. Gruber*

*Heims um ból*



## **Bernharður Wilkinson**

Bernharður Wilkinson, sem stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni í dag, fæddist á Englandi. Þegar hann var smástauli á Englandi söng hann í drengjakór í frægustu dómkirkju Englands, Westminster Abbey, en fór síðan að læra á flautu og var lengi flautuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann var aðstoðarstjórnandi Sinfóníunnar í nokkur ár, auk þess að stjórna m.a. Söngsveitinni Fílharmóníu og Kammersveit Reykjavíkur á fjölda tónleika. Benni hefur stjórnað hljómsveitum og kórum víða um Evrópu, meðal annars í St. Pétursborg í Rússlandi, en núna býr hann í Færeyjum.

## **Sölvi Kolbeinsson**

Sölvi Kolbeinsson er fæddur árið 1996. Hann hóf tónlistarnám í forskóla Tónmenntaskóla Reykjavíkur 6 ára gamall og byrjaði að læra á saxófón 8 ára, haustið 2004, hjá Hafsteini Guðmundssyni. Hann útskrifaðist frá Tónmenntaskólanum vorið 2010. Hann stundar nú nám í klassískum saxófónleik hjá Hafsteini við Tónlistarskólann í Reykjavík og í djasstónlist við Tónlistarskóla FÍH hjá Ólafi Jónssyni. Einnig hefur hann sótt einkatíma hjá Sigurði Flosasyni. Sölvi hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Nú spilar hann með Sultusveitinni í FÍH skólanum. Hann vann til verðlauna í framhaldsnámi á fyrstu Nótu-hátíðinni vorið 2010. Auk þess að spila á saxófón leikur Sölvi á gítar og hljómborð og hefur samið allmörg lög fyrir þessi hljóðfæri. Hann er nemandi í 10. bekk Austurbæjarskóla.



### **Sólveig Steinþórsdóttir**

Sólveig Steinþórsdóttir er 15 ára, fædd í árslok 1995 í Reykjavík. Hún hóf fiðlunám við Allegro Suzuki-tónlistarskólann þriggja ára gömul og var Lilja Hjaltadóttir kennari hennar næstu 9 árin. Frá haustinu 2008 hefur hún verið nemandi Guðnýjar Guðmundsdóttur, fyrst í Allegro skólanum og frá 2009 við Tónlistarskólann í Reykjavík. Sólveig hefur sótt mörg fiðlunámskeið, m.a. í Kópavogi á vegum Tónlistarhátíðar unga fólksins, á Ísafirði á tónlistarhátíðinni Við Djúpið og í Valdres í Noregi. Hún hefur spilað með Hljómsveit tónlistarskólanna, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Valdres Sommersymfoni og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í nóvember 2010 lék hún einleik í fiðlukonsert eftir Saint-Saëns með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík. Sólveig sigraði í flokknum einleiksatriði á framhaldsstigi í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskóla vorið 2011. Sólveig er nemandi á fyrsta ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

### **Kristjana Stefánsdóttir**

Kristjana Stefánsdóttir er ein fremsta djass-söngkona Íslands. Hún er frá Selfossi en lærði bæði við Söngskólann í Reykjavík og í Hollandi. Hún hefur verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og sungið á tónleikum víða um heim. Kristjana er mikið jólabarn enda hefur hún gefið út tvo frábæra geisladiska með jólalögum, auk þess sem hún leikur um þessar mundir í jólasýningunni *Jesús litli* í Borgarleikhúsinu.

### **Listdansskóli Íslands**

Listdansskóli Íslands var stofnaður árið 1952 og hefur æ síðan verið í fararbroddi listdans á Íslandi. Listdansskóli Íslands hefur um árabil byggt upp hæfileikaríka og sterka atvinnudansara. Nemendur hafa sýnt framúrskarandi árangur hér á



landi í undankeppni í klassískum sólóum fyrir norrænu keppnina Stora Daldansen sem haldin er árlega í Svíþjóð og hafa jafnframt náð einstaklega góðum árangri í keppninni sjálfri. Nemendur úr Listdanskólanum hafa fengið inngöngu í virta skóla eins og Juilliard í New York, P.A.R.T.S. í Brüssel, sænska ballettskólann og víðar. Aðrir hafa farið beint í atvinnumennsku hjá Íslenska dansflokknum, IT DANZA, Scapino, Gautaborgarballettinum, Hanover-ballettflokknunum, Cullberg og víðar. Margir hafa starfað sem sóló- og aðaldansarar við ýmsa dansflokka bæði í Evrópu, Asíu og í Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar um Listdanskóla Íslands má finna á [www.listdans.is](http://www.listdans.is). Núverandi skólustjóri LÍ er Lára Stefánsdóttir.

### **Skólakór Kársness**

Skólakór Kársness er samheiti yfir öflugt kórastarf við Kársnesskólann í Kópavogi og jafnframt heiti elsta kórsins, sem er skipaður nemenum á efsta stigi. Að auki eru Litli kór, Miðkór, Stóri Kór, Drengjakór, Stúlknakór og smærri sönghópar hluti af söngmenningu skólans. Sérstaða kórstarfsins í Kársnesskóla einkennist af almennri þátttöku allra nemenda skólans, þar sem þorri kóræfinga fer fram á skólatíma og „skólakór“ er eins og hver önnur námsgrein á stundaskrá nemenda í 3.- 6. bekk. Það hafa jafnan verið einkunnarorð kórstarfsins að öll börn geti sungið fái þau til þess tækifæri og tilsögn. Skólakór Kársness hefur frá upphafi verið mjög atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi, haldið tónleika um allt land og sungið á óteljandi fjölda hátíða og menningarviðburða. Kórinn hefur einnig tekið þátt í kórahátíðum víðsvegar í Evrópu og vestan hafs og austan og verið fulltrúi landsins á erlendum menningarhátíðum.



## Leroy Anderson

### Jólaforleikur

Hvað skyldu margir vita að Leroy Anderson – maðurinn sem samdi *Sleðaferðina* og fjöldan allann af öðrum vinsælum lögum – kunni íslensku mætavel og gegndi herþjónustu á Keflavíkurflugvelli? Anderson fæddist í Cambridge í Massachusetts-ríki í Bandaríkjunum árið 1908 og á námsárum sínum í Harvard var hann þegar farinn að semja tónlist og stjórna lúðrasveitum. Þar lærði hann líka forn-íslensku og á árum seinni heimsstyrjaldarinnar starfaði hann sem túlkur í Keflavík. Síðar hélt hann aftur til Bandaríkjanna og varð fljótt einn vinsælasti útsetjari síns tíma. Hann lést árið 1975, en *Jólaforleikurinn* sem Sinfónían leikur í dag er saminn þegar hann var á hátindi ferils síns árið 1950. Hér bregður fyrir öllum uppáhaldsjóalögum í frísklegum hljómsveitarbúningi: *Skreytum hús með greinum grænum*, *Bjart er yfir Betlehem*, *Frá ljósanna hásal* og ótal mörg fleiri.

## Darius Milhaud

### Brazileira, úr Scaramouche

Þegar sólin er lægst á lofti á Íslandi er hásumar á suðurhveli jarðar, til dæmis í Brasilíu. Þá getur nú verið gott að láta hugann reika og ímynda sér að maður sé staddur á sólarströnd! Kannski var franska tónskáldið Darius Milhaud einmitt að hugsa um sólina í Brasilíu þegar hann samdi þennan fjöruga brasilíska dans, sem er eins konar samba. Það er auðvelt að loka augunum og sjá fyrir sér fólk í litskrúðugum sumarklæðum á ströndinni, enda er þetta vinsælasta verkið sem Milhaud samdi og hann gerði af því ótal ólíkar útsetningar.



## **Emmy Köhler**

### **Við kveikjum einu kerti á**

Emmy Köhler var sænskur kennari sem kenndi meðal annars börnum sænsku konungsfjölskyldunnar að lesa og skrifa. Hún samdi líka bæði lög og texta og árið 1898 samdi hún lagið *Við kveikjum einu kerti á*, eða *Nu tändas tusen juleljus* eins og það heitir á sænsku. Þetta lag er nú orðið eitt vinsælasta jólalag Norðurlanda. Bæði íslenska kvæðið, sem er eftir Lilju Kristjánsdóttur, og sænski frumtextinn fjalla um hvernig ljósið lýsir upp skammdegið og minnir okkur á fæðingu Jesúbarnsins.

## **Camille Saint-Saëns**

### **Introduction & Rondo Capriccioso**

Camille Saint-Saëns er frægastur fyrir að hafa samið *Karnival dýranna*, en hann samdi líka stærri verk, meðal annars sínfónúr og þrjá fiðlukonserta. Hann samdi líka þetta duttlungafulla verk sem Sólveig leikur í dag, *Rondo capriccioso*. Rondó er tónsmíðaform þar sem eitt „viðlag“ kemur alltaf aftur og aftur, en inn á milli heyrast önnur stef. „Capriccioso“ þýðir „duttlungafullt“ og hér vísar hann til þess hvernig fiðlan getur verið svolítið stríðin og farið sínar eigin leiðir. Auk þess að vera tónskáld var Saint-Saëns einn fremsti organisti Evrópu á nítjándu öld og hann var líka hafsjór af fróðleik um flest milli himins og jarðar – meðal annars jarðfræði, fornleifafræði, garðyrkju og stærðfræði!

## **Pjotr Tsjajkovskij**

### **Hnotubrjóturinn**

Pjotr Tsjajkovskij fæddist í Rússlandi árið 1840 og dó 1893. Hann langaði snemma að leggja tónlistina fyrir sig, en foreldrar hans tóku það ekki í mál og hann var





látinn læra lögfræði í staðinn. Tsjajkovskíj var orðinn tuttugu og þrjú ára þegar hann skráði sig loksins í Tónlistarháskólann í St. Pétursborg, en þar gekk honum svo vel að eftir þrjú ár bauðst honum starf sem kennari við Tónlistarháskólann í Moskvu. Tsjajkovskíj samdi margs konar tónlist, meðal annars sinfóníur og óperur, en frægastur er hann þó fyrir balletta sína. *Hnotubrjóturinn* var eitt síðasta verk Tsjajkovskíjs, frumfluttur 1892.

Ballettinn gerist á aðfangadagskvöld hjá Stahlbaum-fjölskyldunni. Það er búið að skreyta hvern krók og kima á heimilinu með jólakrönsum, mistilteini og stóru jólatré sem stendur í miðri stofunni. Systkinin Klara og Fritz taka spennt á móti gestunum, m.a. Drosselmeyer frænda, sem þeim finnst frekar dularfullur náungi. Hann er leikfangasmiður og færir Fritz forláta trommu, en Klara fær brúðu sem er líka hnotubrjótur. Bróðir hennar verður afbrýðisamur og rífur dúkkuna af henni. Að endingu brotnar dúkkan í öllum hamaganginum, og Klara er gjörsamlega miður sín. Frændanum tekst þó að laga hana aftur, og seinna um kvöldið sofnar Klara undir stóra jólatrénu með hnotubrjótinn í fanginu.

Þegar klukkan slær tólf á miðnætti vaknar Klara og skilur ekki neitt í neinu. Það er eins og húsið og leikföngin séu að stækka – eða er hún kannski að minnka? Inn í stofuna þrammar heill her af músum, undir forystu Músakonungsins, og smám saman vakna öll leikföngin í stofunni til lífsins. Músakonungurinn reynir að yfirbuga Hnotubrjótinn, en Klara bjargar honum á síðustu stundu með því að kasta inniskónum sínum beint í hausinn á Músakónginum! Allt í einu breytist Hnotubrjóturinn í yndisfagan prins, sem fer með Klöru í rómantíska sleðaferð gegnum snævi þakinn skóg þar sem snjókornin breytast smám saman í fagar dansmeyjar.



Þegar Klara og prinsinn eru á heimleið úr skóginum koma þau við í Sælgætislandinu. Klara trúir vart sínum eigin augum – hér eru kexfjöll með þeyttum rjóma á fjallstoppunum, brjóstsykursblóm og alls konar sætindi hvert sem litið er! Sykurplómudísir tekur á móti þeim og þegar þau segja henni af afrekum sínum í baráttunni við Músakónginn slær hún upp heljarinnar veislu þeim til heiðurs. Hún leiðir þau inn í Sætabrauðskastalann þar sem veislan hefst með hinum ævintýralegustu dönsum: kakó, kaffi, rússneskar dúkkur og reyrflautur, svo nokkuð sé nefnt.

Hápunktur veislunnar er samt þegar heilt blómahaf kemur valsandi inn í salinn. Að lokum safnast allir saman fyrir framan kastalann til að kveðja Klöru og prinsinn hennar. En ævintýrið er á enda. Næsta morgun vaknar Klara undir jólatrénu með hnotubrjótinn sinn í fanginu. Hana hafði þá dreymt þetta allt saman!

## **Jórunn Viðar**

### **Jól**

Jórunn Viðar er eitt merkasta núlifandi tónskáld Íslands. Hún er fædd árið 1918 og er því orðin níutíu og þriggja ára gömul. Jórunn var fyrsta íslenska konan sem ákvað að verða tónskáld og lærði í frægum tónlistarháskólum í Berlín og New York. Hún er líka frábær píanóleikari og spilaði oft einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í konsertum eftir Beethoven, Chopin og fleiri tónskáld. Allt frá árinu 1987 hefur Ríkisútvarpið pantað nýtt jólalag frá íslensku tónskáldi sem flutt er í útvarpinu á jóladag. Lagið *Jól* eftir Jórunni var jólalag RÚV 1988 og frumflutt af Skólakór Kársness. Ljóðið er eftir Stefán frá Hvítadal.



## **Friðrik Bjarnason**

### **Jólasveinar ganga um gólf**

Íslendingar eiga ótal vísur um jólasveina sem varðveittust mann fram af manni hjá forfeðrum okkar í mörg hundruð ár. Ein þeirra var fyrst skrifuð upp á Hornströndum á miðri 19. öld; önnur birtist fyrst í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar árið 1864. Tónskáldið Friðrik Bjarnason samdi lagið við þessar kunnu vísur sem hvert mannsbarn á Íslandi þekkir.

Jólasveinar ganga um gólf  
með gylltan staf í hendi.  
Móðir þeirra sópar gólf  
og flengir þá með vendi.

Upp á stól  
stendur mín kanna;  
níu nóttum fyrir jól,  
þá kem ég til manna.

## **F.X. Gruber**

### **Heims um ból**

*Heims um ból* er án efa vinsælasta jólalag allra tíma. Það varð til á örskammri stund á jólum 1818, í smábænum Oberndorf í Austurríki. Þar er kirkja sem heitir Nikulásarkirkjan. Prestinn þar, Jósef Mohr, langaði til að láta syngja nýtt lag í kirkjunni á aðfangadagskvöld. Hann mundi eftir kvæði sem hann hafði sjálfur ort tveimur árum áður, og það organistann og vin sinn Franz Xaver Gruber um að



semja lag sem hægt væri að syngja við gítarundirleik. Gruber brást fljótt og vel við beiðninni og þeir tveir fluttu lagið í fyrsta sinn nokkrum klukkustundum síðar! Íslenska þýðingin er eftir Sveinbjörn Egilsson, sem var rektor Menntaskólans í Reykjavík um miðja 19. öld.

Heims um ból, helg eru jól,  
signuð mæð son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind  
;: meinvill í myrkrunum lá ;:

Heimi í hátíð er ný,  
himneskt ljós lýsir ský,  
liggur í jötunni lávarður heims,  
lifandi brunnur hins andlega seims,  
;: konungur lífs vors og ljóss ;:

Heyra má himnum í frá  
englasöng: Allelújá.  
Friður á jörðu því faðirinn er  
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér  
;: samastað syninum hjá ;:

## Dansarar og danshöfundar

### Arabískur dans / Spænskur dans

Danshöfundur: Brian Gerke

Dansarar:

Kolbeinn Ingi Björnsson, Tryggvi Geir Torfason, Heiða Kristín Ragnarsdóttir, Viktor Leifsson, Erna Guðrún Fritzdóttir, Sigríður Ólöf Valdimarsdóttir, Christina Haraldsdóttir, Snæfríður Sól Gunnarsdóttir, Þórey Birgisdóttir, Indy Alda Saouda Yansane.

### Blómavalsinn

Danshöfundur: Guðmundur Helgason

Dansarar:

Aldís Gunnarsdóttir, Bryndís Snæfríður Gunnarsdóttir, Brynja Sigþórsdóttir, Ellen Kristjánsdóttir, Ellen Margrét Bæhrenz, Elísa Björg Benediktsdóttir, Eva María Lenz, Guðrún Þorsteinsdóttir, Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir, Ingileif Franzdóttir Wechner, Karl Friðrik Hjaltason, Kolbeinn Ingi Björnsson, Kristín Haraldsdóttir, Mirjam Yrsa Friðleifsdóttir, Sigríður Erla Markúsdóttir, Teitur Áki Sverrisson, Tryggvi Geir Torfason, Viktoría Sigurðardóttir, Þórhildur Jensdóttir, Ösp Sölvadóttir.

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

16. & 17. desember

### 1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Mark Reedman  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Lilja Hjaltadóttir  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Greta Salome Stefánsdóttir  
María Weiss  
Helga Steinunn Torfadóttir

### VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sesselja Halldórsdóttir

### SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Lovísa Fjeldsted

### BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn

### FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

### ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

### KLARINETT

Rúnar Óskarsson  
Sigurður I. Snorrason

### FAGOTT

Brjánn Ingason  
Hafsteinn Guðmundsson

### HORN

Joseph Ognibene  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassabásúna

### TÚBA

Finnbogi Óskarsson

### HARPA

Katie Buckley

### PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### PÁKUR

Eggert Pálsson

### SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Árni Áskelsson



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



**BORGUN**

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • [www.borgun.is](http://www.borgun.is)

Þér við sælusæti bjóðum  
með sinfónískum töfrahljóðum.  
Slíka gjöf má gjarnan þiggja  
á gleðina mun ekkert skyggja.  
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is